

Nr. 14.
2.
oktbr.

Auglýsing

um staðfesting á breyting á reglugjörð fyrir Íslandsbanka frá
25. nóvbr. 1903.

Sjerstaklegur aðalfundur hluthafa í Íslandsbanka hefur 14. f. m. löglega samþykkt eftirfarandi breytingar á reglugjörð bankans:

1. Við 26. gr. Greinin orðist þannig:

»Það skuldbindur bankann, að undir firma hans skrifi tveir forstjórar í sameiningu eða þá einn forstjóri og með honum prókúruhafi, sem fulltrúaráðið skipar.

Í sjerstökum tilfellum getur framkvæmdarstjórn bankans með samþykki fulltrúaráðs, veitt einstökum starfsmönnum bankans heimild til að rita undir skuldbindingar fyrir bankann. Allar kvittanir skulu undir firma bankans vera undirskrifaðar af gjaldkera og með áritun bókara eða aðstoðarmanns hans um, að þær sjeu athugaðar.

2. Við 39. gr. Greinin orðist þannig:

»Af árlegum arði bankans, að frátöldum 4 % af hlutafjenu, skal greiða 10 % í gjald til landssjóðs. Af afganginum skal fyrst leggja 10 % í varasjóð, því næst skal greiða hluthöfum 4 % af hlutafjenu. Af því, sem þá er afgang, skal greiða fulltrúaráðinu 5 % í ágóðahluta og 5 % til framkvæmdarstjórnarinnar, en hinum 90 % skiftir aðalfundur milli varasjóðs og hluthafa og skal framkvæmdarstjórn gjöra tillögur, er fulltrúaráðið fellst á, um skiftingu þessa. Skal þó jafnan helmingur, að minnsta kosti, af upphæð þessari renna í varasjóð þangað til hann er orðinn 600,000 krónur.

Framanskráð reglugjörðarbreyting staðfestist hjermeð samkvæmt lögum 10. nóv. 1905 og 35. gr. í reglugjörð bankans, staðf. 25. nóvbr. 1903.

Þetta gjörist hjermeð almenningi kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 2. október 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.